



ÖRYGGISBLAÐ

skv. reglugerð nr. 1907/2006 (REACH) og 1272/2008.

Útgáfa: 18.1

Dagsetning: 24. apríl 2014

1. AUÐKENNING EFNISINS/BLÖNDUNNAR OG FÉLAGSINS/FYRIRTÆKISINS

1.1. Vörukenni **VÍTISSÓDI (natríumhýdroxíð)**

1.2. Tilgreind notkun Hvarfmiðill, sýrustillir, hvati, hreinsiefni, milliefni.

1.3. Söluaðili Skeljungur hf.
Borgartúni 26
105 Reykjavík
444 3000

Sími:

Tengiliður: msds@skeljungur.is

Veffang: www.skeljungur.is

1.4. Neyðarsímanúmer

Neyðarlínan: 112

Eitrunarmiðstöð LSH: 543 2222

2. HÆTTUGREINING

2.1.1 Flokkun samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008 [CLP]

Flokkun Málmæting 1; H290
Húðæting 1B; H314

2.2. Merkingaratriði

2.2.1 Merkingar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008

Hættuleg innihaldsefni: Vítissódi

Hættumerki



Viðvörðunarorð (CLP)

Hættusetningar

Varnaðarsetningar

Hætta
H290 – Getur verið ætandi fyrir málma.
H314 – Veldur alvarlegum bruna á húð og augnskaða.
P280 – Notið hlífðarhanska, hlífðarfatnað, augnhlífur, andlitshlífur.
P301+P330+P331 – EFTIR INNTÖKU: Skolið munninn.
EKKI framkalla uppköst.
P305+P351+P338 – BERIST EFNIÐ Í AUGU: Skolið varlega með vatni í nokkrar mínútur. Fjarlægjið snertilinsur ef það er auðvelt. Skolið áfram.
P308+P310 – EF um váhrif eða hugsanleg váhrif er að ræða:
Hringið umsvifalaust í EITRUNARMIÐSTÖÐ eða lækni.
P501 – Fargið innihaldi/íláti í samræmi við gildandi lög og reglur.

2.3. Aðrar hættur

Hættur

Sjá lið 12.5 fyrir niðurstöður úr PBT- og vPvB-mati.

3. SAMSETNING INNIHALDSEFNA/UPPLÝSINGAR UM INNIHALDSEFNI

3.1 Efni

Heiti	Vörukenni	Magn%	CLP-flokkun
Vítissódi	CAS#: 1310-73-2 EINECS#: 215-185-5 REACH#: 01-2119457892-27-xxxx	<=100	Málmæt. 1; H290 Húðæt. 1B; H314

Hættusetningar eru skráðar í 16. lið.

4. RÁÐSTAFANIR Í SKYNDIHLJÁLPI

4.1. Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi

Almennt

Ef leita þarf lækni, hafið þetta öryggisblað eða merkimiða meðferðis.

Eftir innöndun

Færið viðkomandi í ferskt loft. Leitið lækni.

Eftir snertingu við augu	Skolið strax með miklu vatni, einnig undir augnlokum. Leitið lækni strax.
Eftir snertingu við húð	Farið strax úr fötum og skóm sem óhreinast af efninu. Skolið húð strax með miklu vatni. Leitið lækni strax.
Eftir inntöku	Drekkið vatn (ekki meira en tvö glös). Ekki framkalla uppköst. Leitið lækni strax. Reynið ekki að hlutleysa.

4.2. Helstu einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin

Einkenni og áhrif Erting og æting, hósti, andþrengsli, meðvitundarleysi, dauði. Hætta á blindu.

4.3. Merki um þörf á bráðri lækniþjónustu eða sérstakri meðhöndlun

Bráð lækniþjónusta Leitið lækni strax og hafið þetta öryggisblað meðferðis.

5. RÁÐSTAFANIR VEGNA SLÖKKVIÐGERÐA

5.1. Slökkvibúnaður

Viðeigandi Veljið slökkvibúnað eftir aðstæðum og nálægum efnum.

5.2. Sérstök hætta

Sérstök hætta Ekki eldfimt. Getur myndað hættulegar gufur í bruna.

5.3. Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn

Ráðstafanir Notið ferskloftstæki og viðeigandi hlífðarfatnað í bruna (galli, hanskar, andlits- og augnhlífur). Safnið slökkvivatni og fargið á viðeigandi hátt.

6. RÁÐSTAFANIR EF EFNI FER ÓVART TIL SPILLIS EÐA ER LOSAÐ FYRIR SLYSNI

6.1. Öryggisráðstafanir, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir

Ráðstafanir Haldið óviðkomandi og óvörðum frá. Varist innöndun ryks. Varist snertingu við húð, augu og fatnað. Tryggið næga loftræstingu.

6.2. Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins

Ráðstafanir Ekki losa í niðurföll.

6.3. Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar

Aðferðir við hreinsun Þekið niðurföll. Safnið, bindið og dælið upp leka. Safnið með ídrægu og hlutleysandi efni. Hreinsið svæðið. Geymið í viðeigandi, merktum og luktum ílátum til förgunar. Forðist rykmyndun.

6.4. Tilvísun í aðra liði

Aðrir liðir Sjá liði 8 og 13.

7. MEÐHÖNDLUN OG GEYMSLA

7.1. Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun

Ráðstafanir Hafið augnskól og öryggissturtur innan seilingar. Tryggið næga loftræstingu. Ekki anda inn gufu eða úða. Varist snertingu við húð og augu.

Hreinlæti

Farið strax úr óhreinuðum fatnaði. Verjið húðina. Þvoðið hendur og andlit eftir meðhöndlun efnisins.

7.2. Örugg geymsluskilyrði, einnig m.t.t. ósamrýmaleika

Geymsla Ekki geyma í ílátum úr áli, tini eða sinki. Geymið í tryggilega luktum, merktum umbúðum á þurrum stað.

Geymsluflokkur

Geymsla fyrir ætandi efni.

7.3. Sérstök notkun

Notkun Sjá lið 1.2.

8. VÁHRIFAVARNIR/PERSÓNUHLÍFAR

8.1. Viðmiðunarmörk fyrir váhrif

DNEL Starfsmaður – innöndun, langvinn, staðbundin áhrif: 1 mg/m³

Neytandi – innöndun, langvinn, staðbundin áhrif: 1 mg/m³

PNEC

Engin gögn.

8.2. Váhrifavarnir

Tæknilegar ráðstafanir Tryggið næga loftræstingu. Gerið ráðstafanir til að halda váhrifum undir viðmiðunarmörkum.

Til hlífðar höndum

Efnaþolnir, ógegndræpir hanskar sem uppfylla viðurkennda staðla.

Viðeigandi efni: nítrílgúmmí (0,11 mm, gegnþrengingartími: >8 klst.), .

Veljið hanskaefni í samráði við birgi eða framleiðanda hanskana.

Athugið upplýsingar frá framleiðanda varðandi gegndræpi, gegnþrengingartíma og sérstakar vinnuaðstæður (áhrif ytri þátta, tímalengd snertingar). Skipta skal um hanska strax og vart verður við slit.

Til hlífðar augum

Þétt hlífðargleraugu.

Til hlífðar húð

Hlífðarfatnaður.

Til hlífðar öndun

Notið öndunargrímu með síu við rykmyndun. Ráðlögð gerð síu: P2 (DIN3181).

Til hlífðar umhverfi

Ekki losa í niðurföll.

9. EÐLIS- OG EFNAFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR

9.1. Upplýsingar um helstu eðlis- og efnafræðilega eiginleika

Útlit:	Fast
Litur	Litarlaust
Lykt	Lyktarlaust
pH-gildi	ca. 14 við 50 g/l og 20°C
Bræðslumark	323°C
Suðumark	1390°C við 1013 hPa
Eðlisþyngd	2,13 g/cm ³ við 20°C
Gufuþrýstingur	Á ekki við
Vatnsleysni	1090 g/l við 20°C
Deilistuðull	Engar upplýsingar
Seigja	Engar upplýsingar
Sprengieiginleikar	Ekki flokkað sem sprengifimt
Oxunareiginleikar	Engir
Æting	Getur verið ætandi fyrir málma

10. STÖÐUGLEIKI OG HVARFGIRNI

10.1. Hvarfgirni

Hvarfgirni Sjá 10.3.

10.2. Efnafræðilegur stöðugleiki

Stöðugleiki Ídrægt.

10.3. Hætta á skaðlegum efnahvörfum

Skaðleg efnahvörf Hætta á sprengingu/útvermum hvörfum við:
Aseton, nitríl, fosfíð, halógen, klóruð leysiefni, etýlenoxíð, sýrur, vetnisperoxíð, vatn, málma, léttmálma.
Getur hvarfast heiftarlega við:
ammóníumsambönd, lífræn eldfim efni, fenól.
Myndar hættulegar lofttegundir í snertingu við:
persúlföt, natriumbóróhýdríð, fosfóroxíð.

10.4. Skilyrði sem ber að varast

Varasöm skilyrði Raki.

10.5. Ósamrýmanleg efni

Ósamrýmanleg efni Ál, brass, málmar, málmblendi, sink, tin.

10.6. Aðrar hættur

Aðrar hættur Engar upplýsingar.

11. EITUREFNAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

11.1. Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif

Innöndun	Brennir slímhúð, veldur hósta, andþrengslum, getur skaðað öndunarfæri.
Inntaka	Alvarlegur brunni í munn og hálsi. Hætta á götum á vélinda og maga.
Húð	Mjög ætandi.
Augu	Mjög ætandi. Veldur alvarlegum augnskaða. Hætta á blindu.

12. VISTFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

12.1. Eiturhrif

LC50	Fiskur (<i>Gambusia affinis</i>) 96 klst.	125 mg/l
EC50	Halafær (<i>Daphnia magna</i>), 24 klst.	76 mg/l
EC50	Bakteríur (<i>Photobacterium phosphoreum</i>), 15 mín.	22 mg/l

12.2. Þrávirgni og niðurbrjótanleiki

Þrávirgni og niðurbrjótanleiki Aðferðir til að ákvarða lífbrjótanleika eiga ekki við um ólífræn efni.

12.3. Uppsöfnun í lífverum

Uppsöfnun Engar upplýsingar.

12.4. Hreyfanleiki í jarðvegi

Hreyfanleiki Engar upplýsingar.

12.5. Niðurstöður úr mati á PBT- og vPvB eiginleikum

PBT/vPvB Á ekki við um ólífræn efni.

12.6. Önnur váhrif

Önnur váhrif Myndar ætandi blöndu með vatni. Hefur hættuleg áhrif á sýrustig.
Mengar drykkjarvatn ef efnið berst í jarðveg eða vatn.
Forðist losun út í umhverfið. Hlutleysing möguleg í skólphreinsistöðvum.

13. ATRÍÐI VARÐANDI FÖRGUN

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs

Upplýsingar	Ekki losa út í umhverfið.
Aðferðir	Fargið sérstaklega sem hættulegum úrgangi hjá viðurkenndum förgunaraðila í samræmi við gildandi lög og reglur.
Umbúðir	Fargið óhreinsuðum umbúðum á sama hátt og efninu sjálfu.

14. UPPLÝSINGAR VARÐANDI FLUTNING

Alþjóðlegar reglur

- ADN/IATA/IACO

UN-númer	1823
Flokkur	8
Pökkunarhópur	II
ICAO-merkingar	8 – Corrosive
Rétt sendingarheiti	SODIUM HYDROXIDE, SOLID

- IMDG

UN-númer	1823
Flokkur	8
Pökkunarhópur	II
IMDG-merkingar	8 – Corrosive
EmS	F-A, S-B
Rétt sendingarheiti	SODIUM HYDROXIDE, SOLID

- ADR/RID

UN-númer	1823
Flokkur	8
Pökkunarhópur	II
ADR/RID-merkingar	8 – Corrosive
Rétt sendingarheiti	SODIUM HYDROXIDE, SOLID
Gangakóði	E

Flutningar búlkafarms skv. II. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/78 og IBC-kóða

Flutningar í búlkum Á ekki við.

15. UPPLÝSINGAR VARÐANDI REGLUVERK

15.1.1. ESB-reglur

- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), með síðari breytingum.
- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, með síðari breytingum.

15.1.2. Íslenskar reglur

- Reglugerð nr. 415/2008 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna.
- Reglugerð nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH).

15.2. Efnaöryggismat

Mat Ekkert efnaöryggismat.

16. AÐRAR UPPLÝSINGAR

Hættusetningar:	H290 – Getur verið ætandi fyrir málma. H314 – Veldur alvarlegum bruna á húð og augnskaða.
Skammstafanir:	ADN: Reglur um flutning hættulegra efna á skipgengum vatnaleiðum. Evrópusamningur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á skipgengum vatnaleiðum. ADR: Reglur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum Evrópusamningur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum. DNEL: Viðmiðunarmörk fyrir váhrif. EmS (neyðaráætlun): Fyrri kóðinn vísar til viðeigandi brunaáætlunar og seinni kóðinn vísar til viðeigandi áætlunar vegna efnaleka. IMDG: Alþjóðlegur kóði um siglingu með hættulegan varning. PBT: Þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum og eru eitruð. PNEC: Styrkur þar sem engin váhrif eru fyrir sjáanleg. REACH: Skráning, mat, leyfisveiting og takmarkanir að því er varðar efni. vPvB: Mjög þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum í miklum mæli. ppm: Milljónarhluti. LC50: Miðgildisbanastyrkur. LD50: Miðgildisbanaskammtur.

Upplýsingarnar á þessu blaði eru, samkvæmt okkar bestu vitneskju, réttar og tæmandi á útgáfudegi. Þær eiga aðeins við um vöruna sem þær lýsa, en ætti ekki að túlka sem tryggingu fyrir tilteknum eiginleikum hennar. Ef varan er notuð með öðru efni eða í öðrum tilgangi en tilgreindur er, gæti verið að upplýsingarnar ættu ekki lengur við. Það er á ábyrgð notanda vörunnar að leggja mat á gildi og ítarleika upplýsinganna í ljósi notkunar sinnar. Engin ábyrgð er tekin á missi eða tjóni vegna notkunar þessara upplýsinga.

Endurskoðun	24. apríl 2014.
Útgáfa	18.1
Gert þann	12. apríl 2016.
Þýðing og uppsetning	Reynir Hjálmarsson
Heimild	Merck Chemicals Ltd, information@merckchem.co.uk